

FS: Aðkoma Hafnarfjarðarbæjar að Reykjanes Geopark

Til : Gunnar Rafn Sigurbjörnsson;Jóna Ósk Guðjónsdóttir;Gunnar Axel Axelsson
Frá : Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Heiti : FS: Aðkoma Hafnarfjarðarbæjar að Reykjanes Geopark
Málsnúmer : 1208254
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 20.11.2012 11:43:45
Höfundur : Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Svar Róberts, bæjarstjóra Grindavíkur við Geoparkinu.
Spurning um næstu skref í málinu.

Með kveðju,
Guðrún Ágústa

GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR
BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐAR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500
www.hafnarfjordur.is

From: Róbert Ragnarsson [mailto:robert@grindavik.is]
Sent: 20. nóvember 2012 10:49
To: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Afrit: Eggert Sólberg Jónsson
Subject: RE: Aðkoma Hafnarfjarðarbæjar að Reykjanes Geopark

Sæl,

Þakka þér fyrir svarið. Ný stjórn Reykjanes Geopark hittist á fyrsta fundi í morgun og fjallaði um málið. Verkefnið hefur gengið mjög hratt fyrir sig. Það hófst í janúar með skipan undirbúningshóps. Ráðinn var verkefnisstjóri í júní og hófst þá vinna við umsóknina. Komið var að máli við Hafnarfjörð í ágúst varðandi Krýsuvíkursvæðið. Stofnfundur var haldinn 13. nóvember og umsóknin verður send til European Geoparknetwork á fimmtudaginn. Úttekt fer væntanlega fram í vor og haustið 2013 fáum við að vita hvort vottun er samþykkt, felld eða hvort við fáum tækifæri til úrbóta. Við gerum ráð fyrir að fá úrbótaáætlun og verða samþykkt haustið 2014 eða 2015.

Stofnfundur fór fram 13. nóvember, þannig að svarið barst aðeins of seint. Hafnarfjörður er því ekki einn stofnaðila jarðvansins.

Fjárframlög sveitarfélaganna eru ákveðin fyrir árin 2012 og 2013, en vonir standa til þess að þegar vottun hefur fengist að verkefnið verði að mestu sjálfbært varðandi fjármögnun. Þó má búast við því að einhver framlög verði frá sveitarfélögum í framtíðinni ef verkefnið gengur eftir, og þá sérstaklega í framkvæmdir innan sveitarfélaganna sem snúa að þeim geosites sem eru í viðkomandi sveitarfélagi. Ég geri t.d. ráð fyrir því að grindavíkurbær þurfi að setja fé í stíga, skilti og aðgengismál í framhaldinu og verður það afgreitt með fjárhagsáætlun hverju sinni.

Stofnaðilar eru sveitarfélögin fimm á Suðurnesjum, HS orka, Bláa Lónið, Keilir og Ferðamálasamtök Suðurnesja. Stjórn er 7 manna og hafa ekki öll sveitarfélögin fullgildan stjórnarmann. Við getum því ekki orðið við kröfu um fullgilda aðild að stjórn.

Eins og áður hefur komið fram þykir okkur styrkur af því að hafa þau svæði sem eru innan skipulagsmarka Hafnarfjarðar með innan jarðvangs. Við förum því fram á að Hafnarfjörður sýni hlutleysi og leyfi svæðunum að vera innan jarðvangsins þó sveitarfélagið sé ekki formlegur aðili að verkefninu. Þau svæði verða þá ekki í forgangi

og Hafnarfjarðarbæ gefst þá betri tími til að meta hvort hann vill stökkva á vagninn síðar ef svo ber undir. Til að byggja upp traust og þekkingu á verkefninu bjóðum við ykkur að hafa áheyrnarfulltrúa á fundum stjórnar, ef áhugi er á því.

Bestu kveðjur
RR

From: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir [<mailto:gudrunagusta@hafnarfjordur.is>]
Sent: 15. nóvember 2012 13:11
To: Róbert Ragnarsson
Subject: SV: Aðkoma Hafnarfjarðarbæjar að Reykjanes Geopark

Sæll og fyrirgefðu hvað ég er sein til að svara þér!

Erindið hefur verið tekið tvisvar fyrir í menningar- og ferðamálanefnd og svo í bæjarráði í morgun.

Í bæjarráði í morgun var tekið jákvætt í það að vera með en að það yrði þá að vera með þeim hætti að Hafnarfjörður væri formlegur þátttakandi og með fullgildan aðila í stjórn. Einnig þótti heldur óljóst hvert framlag sveitarfélagsins yrði til framtíðar... aðeins rætt um stofnkostnað og kostnað fyrir árið 2013.

Afgreiðslan var ekki formleg en við erum með auka bæjarráðsfund vegna fjárhagsáætlunar í næstu viku og gætum þá afgreitt málið með formlegum hætti þá ef þetta gæti gengið eftir.

Með kveðju,
Guðrún Ágústa

GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR
BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐAR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500
www.hafnarfjordur.is

From: Róbert Ragnarsson [<mailto:robert@grindavik.is>]
Sent: 30. október 2012 14:19
To: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Subject: RE: Aðkoma Hafnarfjarðarbæjar að Reykjanes Geopark

Takk kærlega

Kv
RR

From: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir [<mailto:gudrunagusta@hafnarfjordur.is>]
Sent: 30. október 2012 14:00
To: Róbert Ragnarsson
Subject: SV: Aðkoma Hafnarfjarðarbæjar að Reykjanes Geopark

Sæll

Ég skal kalla eftir viðbrögðum frá mínu fólki og verð þá í sambandi við þig í kjölfarið.

Með kveðju,

Guðrún Ágústa

GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR
BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐAR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500
www.hafnarfjordur.is

From: Róbert Ragnarsson [<mailto:robert@grindavik.is>]
Sent: 30. október 2012 13:44
To: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Subject: Aðkoma Hafnarfjarðarbæjar að Reykjanes Geopark

Sæl,

Hann Eggert verkefnisstjóri Geopark hefur hitt þitt fólk á fundum í kjölfar fundar okkar í ágúst. Meðfylgjandi eru punktar sem hann ræddi við Ásborgu, en hún er með nefndarfund eftir 2-3 vikur. Staðan er þannig að hann þarf að klára umsóknina fyrir 13. nóvember og því mikilvægt að vita hvort sá hluti Krýsuvíkurlands sem tilheyrir Hafnarfirði megi vera hluti jarðvangsins í umsókninni.

Er möguleiki á að þið getið svarað fljótlega? Ef þú hefur spurningar skal ég reyna að svara.

Bestu kveðjur

RR

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)